



## Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, 864. mál

12. apríl 2024

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem og heimsmarkmiðum SP, sem hafa það meginmarkmið að **skilja engan eftir**.

Í kynningu félags- og vinnumarkaðsráðherra á breytingum samkvæmt nýjum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að bæta áfram afkomu örorkulífeyrisþega og þá sérstaklega kjör þeirra sem lakast standa og minnst hafa.

Þar kemur fram að breytingarnar eigi að fela í sér nýja hugsun þar sem ætlunin er að taka betur utan um fólk en áður og búa til umgjörð þar sem fólki er gert kleift að blómstra. Í kynningu ráðherra kemur fram að markmið með frumvarpinu séu eftirfarandi:

- Að bæta þjónustu og auka samvinnu.
- Að bæta kjör með betra og einfaldara greiðslukerfi.
- Að skapa mikilvæga hvata til atvinnuþátttöku.

Landssamtökin Þroskahjálpar taka heilshugar undir mikilvægi þess að kerfið verði einfaldað og gert notendavænna fyrir fatlað fólk og flækjustig minnkað, m.a. og ekki síst fyrirkomulag varðandi endurhæfingarlífeyri sem hentar mjög illa fötluðu fólki sem þarf nú endurhæfingaráætlun vegna fötlunar sinnar og ítrekað að skila til TR slíkri áætlun, þó að mjög óljóst sé til hvers endurhæfingin á að ná.

**Landssamtökin Þroskahjálpar gera sérstaklega alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi atriði varðandi frumvarpið**

- Afar lítið er komið til móts við þann hóp sem minnst fær til framfærslu sinnar og hefur mjög takmörkuð eða engin tækifæri til að auka tekjur sínar vegna fötlunar og/eða ósveigjanlegs vinnumarkaðar.

- Ekki er tryggt að að örorkulífeyrir hækki í samræmi við þróun verðlags og/eða kjara á almennum vinnumarkaði sem leiðir til mikillar og mjög mögulega aukinnar kjaragliðunar
- Óskýrt er hverjir fara á hlutaörorku og hverjir fara á nýjan örorkulífeyri.
- Ekki er tryggt að þjónustugátt TR verði aðgengileg fyrir alla (rafræn skilríki).
- Óásættanlegt er að hækkanir samkvæmt frumvarpinu taki ekki gildi fyrr en 1. september 2025.
- Aldursviðbót er lækkuð án þess að það réttlætist á nokkurn hátt af minni kjaraskerðingu nú en verið hefur sem almennt fylgir af langvinnri fötlun.
- Heimilisuppbót er lækkuð án þess að réttlætist á nokkurn hátt af minni tilkostnaði við rekstur heimila.

Samtökin gera mjög alvarlegar athugasemdir við og mótmæla því mikla og augljósa óréttlæti að með frumvarpinu sé ekki komið til móts við þann hóp sem minnst hafa og hafa ekki tækifæri til að bæta kjör sín á vinnumarkaðinum. Þetta er á skjön við það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þar sem sérstaklega er tekið fram að litið sé til þeirra sem minnst hafa og að kjör þeirra sem einungis fá greiðslur frá almannatryggingum eða eru með litlar aðrar tekjur batna mest með nýja kerfinu. Þetta stenst alls ekki skoðun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun þessi hópur sem færir á nýjan örorkulífeyri hækka um 4.020 kr. (heildargreiðsla) á mánuði (miðað við einstakling sem býr einn og hefur fengið fyrsta örorkumat við 18 ára aldur). Þau sultarkjör sem þessi hópur fatlaðs fólks hefur búið við og býr nú við yrðu m.ö.o. áfram ávísun á fátækt og mjög takmörkuð tækifæri til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu

Ætla má að um 63% af fólki með þroskahömlun og skyldar fatlanir hafa engar aðrar tekjur en greiðslur frá TR (uppl. frá 2019).

Í töflum hér að neðan má sjá frekari upplýsingar um hvernig kjör þessa hóps eru nú og yrðu ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum.

#### **Einstaklingu býr ekki einn, örorka frá 18 ára aldri, engar tekjur**

*0- 25% geta til virkni á vinnumarkaði*

| <b>Núverandi kerfi</b> |                       | <b>Nýr örorkulífeyrir</b> |                       |
|------------------------|-----------------------|---------------------------|-----------------------|
| Örorkulífeyrir         | 63.020                | Örorkulífeyrir            | 380.000               |
| Tekjutrygging          | 201.807               |                           |                       |
| Framfærsluuppbót       | 48.881                |                           |                       |
|                        | 313.708               |                           |                       |
| Aldursuppbót           | 63.020                | Aldursuppbót              | 30.000                |
| <b>Alls</b>            | <b><u>376.728</u></b> | <b>Alls</b>               | <b><u>410.000</u></b> |

## Einstaklingur býr einn, örorka frá 18 ára aldri, engar tekjur

0-25% geta til virkni á vinnumarkaði

|                  |                |                |                |
|------------------|----------------|----------------|----------------|
| Örorkulífeyrir   | 63.020         | Örorkulífeyrir | 380.000        |
| Tekjutrygging    | 201.807        |                |                |
| Framfærsluuppbót | 66.920         |                |                |
|                  | 331.747        |                |                |
| Heimilsuppbót    | 68.213         | Heimilsuppbót  | 57.000         |
| Aldursuppbót     | 63.020         | Aldursuppbót   | 30.000         |
| <b>Alls</b>      | <b>462.980</b> | <b>Alls</b>    | <b>467.000</b> |

### Aldursviðbót og heimilsuppbót

#### Aldursviðbót

Mjög margt fatlað fólk hefur ekki aðrar tekjur en berar örorkulífeyrisgreiðslur og hefur mjög oft afar lítil eða engin tækifæri til að auka við tekjur sínar, vegna fötlunar sinnar og/eða ósveigjanlegs vinnumarkaðar og fárra atvinnutækifæra. Stór hluti þeirra hefur þurft og mun fyrirsjáanlega búa við þær aðstæður allt sitt líf og mun því hafa litla möguleika til að afla sér viðbótartekna og njóta því lítilla eða engra lífeyrissjóðsréttinda. Þessi hópur er því og verður fyrirsjáanlega háður örorkulífeyri um alla framfærslu sína ævilangt. Með lágum lífeyrisgreiðslum er það fólk því dæmt til fátæktar alla sína ævi og þeirrar félagslegu jaðarsetningar sem mjög oft leiðir af fátækt. Fyrir þennan hóp er **aldursviðbót** því gríðarlega mikilvæg og augljóslega mikið réttlætismál. Samkvæmt útreikningum samtakanna mun aldursviðbót lækka úr kr. 63.020 í kr. 30.000 verði frumvarpið óbreytt að lögum. Þessi lækkun byggist ekki á neinum réttlætisrökum né á breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi, s.s hvað varðar kostnað og verðlagsþróun.

#### Heimilsuppbót

**Heimilsuppbót** er ætlað að bæta kjör þeirra sem búa einir og þurfa því að bera einir margvíslegan og mjög verulegan kostnað sem fylgir því að reka heimili. Samkvæmt útreikningum samtakanna munu heimilsuppbót lækka um 11 þús. kr. (úr 68.2013 í 57.000) verði frumvarpið óbreytt að lögum. Þessi lækkun byggist ekki á neinum réttlætisrökum né á breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi, s.s hvað varðar kostnað og verðlagsþróun.

Aldursviðbót og heimilsuppbót styðjast augljóslega við mjög veigamikil sanngirnis- og jafnræðisrök, sem samtökin telja nauðsynlegt að gefa mikið vægi í því regluverki sem hér er til umsagnar. Landsamtökin Þroskahjálpi telja því nauðsynlegt að fyrirætlanir um lækkun þeirra verði endurskoðaðar.

Samtökin hafa ávallt lagt mikla áherslu á að starfsæfing og beinn stuðningur við fatlað fólk á vinnustöðum sé árangursríkasta leiðin til að auka möguleika fatlaðs fólks til atvinnuþátttöku. Samhliða því verður að tryggja viðeigandi aðlögun á vinnustöðum, eins og mælt er fyrir um í 5. og 27. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í því sambandi þarf sérstaklega að hafa í huga og taka viðeigandi tillit til að margt fatlað fólk, t.a.m. margt fólk

með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir, hefur skerta starfsgetu m.t.t. afkasta í vinnu en ekki endilega hvað varðar vinnustundir þó að það geti að sjálfsgöðu einnig átt við.

Samkvæmt frumvarpinu er hlutaörorkulífeyrir ætlaður þeim sem hafa 25–50% getu til virkni á vinnumarkaði. Líklegt má telja að fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir, sem ætla má að muni falla undir þann flokk og fær tækifæri og færni til að vera á vinnumarkaði (25–50% starf) hafi í heildarlaun **100–200 þús. kr.** á mánuði. Samkvæmt útreikningum samtakanna munu heildatekjur þess fólks lækka verði frumvarpið óbreytt að lögum ef viðkomandi fer á hlutaörorkulífeyri (sjá tölur hér að neðan). Það er röklaust og óréttlátt og augljóslega til þess fallið að draga úr hvata fyrir þennan hóp til virkni á vinnumarkaði, sem er þó eitt meginmarkmiða frumvarpsins.

#### Einstaklingur, býr ekki einn, örorka frá 18 ára aldri

*26%-50% geta til virkni á vinnumarkaði*

| Núverandi kerfi  |                | Hlutaörorkulífeyrir |                |
|------------------|----------------|---------------------|----------------|
| Örorkulífeyrir   | 63020          | Hlutaörorkulífeyrir | 285000         |
| Tekjutrygging    | 201.807        |                     |                |
| Framfærsluuppbot | 48.881         |                     |                |
|                  | 313.708        |                     |                |
| Aldursuppbot     | 63.020         | Aldursuppbot        | 30.000         |
| <b>Alls</b>      | <b>376.728</b> | <b>Alls</b>         | <b>315.000</b> |

| Tekjur af vinnumarkaði | Örorkulífeyrir | Tekjur alls núverandi kerfi | Hlutaörorkulífeyrir | Tekjur alls nýtt kerfi |  |
|------------------------|----------------|-----------------------------|---------------------|------------------------|--|
| 10.000                 | 370.228        | <b>380.228</b>              | 315.000             | <b>325.000</b>         |  |
| 20.000                 | 360.728        | <b>380.728</b>              | 315.000             | <b>335.000</b>         |  |
| 50.000                 | 344.228        | <b>394.228</b>              | 315.000             | <b>365.000</b>         |  |
| 100.000                | 327.847        | <b>427.847</b>              | 315.000             | <b>415.000</b>         |  |
| 200.000                | 327.847        | <b>527.847</b>              | 315.000             | <b>515.000</b>         |  |
| 300.000                | 281.811        | <b>581.811</b>              | 315.000             | <b>615.000</b>         |  |

#### Einstaklingur, býr einn, örorka frá 18 ára aldri

*26%-50% geta til virkni á vinnumarkaði*

| Núverandi kerfi  |                | Hlutaörorkulífeyrir |                |
|------------------|----------------|---------------------|----------------|
| Örorkulífeyrir   | 63.020         | Hlutaörorkulífeyrir | 285.000        |
| Tekjutrygging    | 201.807        |                     |                |
| Framfærsluuppbot | 66.920         |                     |                |
| Heimiluppbot     | 68.213         | Heimiluppbot        | 57.000         |
| Aldursuppbot     | 63.020         | Aldursuppbot        | 30.000         |
| <b>Alls</b>      | <b>462.980</b> | <b>Alls</b>         | <b>372.000</b> |

| Tekjur af vinnumarkaði | Örorku-lífeyrir | Tekjur alls núverandi kerfi | Hlutaörorku-lífeyrir | Tekjur alls nýtt kerfi |
|------------------------|-----------------|-----------------------------|----------------------|------------------------|
| 10.000                 | 456.480         | <b>466.480</b>              | 372.000              | <b>382.000</b>         |
| 20.000                 | 449.980         | <b>469.980</b>              | 372.000              | <b>392.000</b>         |
| 50.000                 | 430.480         | <b>480.480</b>              | 372.000              | <b>422.000</b>         |
| 100.000                | 397.980         | <b>497.980</b>              | 372.000              | <b>472.000</b>         |
| 150.000                | 396.060         | <b>546.060</b>              | 372.000              | <b>522.000</b>         |
| 200.000                | 396.060         | <b>596.060</b>              | 372.000              | <b>572.000</b>         |
| 300.000                | 337.061         | <b>637.061</b>              | 372.000              | <b>672.000</b>         |

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að lagt er til að Tryggingastofnun geti vikið frá skilyrði um að niðurstaða samþætts sérfræðimats liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um greiðslu örorkulífeyris sé slíkt mat bersýnilega óþarft að mati stofnunarinnar. Sá hópur sem hér er einkum horft til eru fötluð eða langveik ungmenni sem Tryggingastofnun hefur greitt umönnunargreiðslur vegna. Í þeim tilvikum væru uppfyllt skilyrði b-liðar 24. gr. um að niðurstaða liggja fyrir við 18 ára aldur.

Eins og frumvarpið er lagt fram og kynnt í tengslum við atvinnuþátttöku og sérstaklega er tekið fram að nýr örorkulífeyrir sé ætlaður þeim sem eru með 0–25% getu til virkni á vinnumarkaði og að hlutaörorkulífeyrir sé ætlaður þeim sem eru með 26–50% virkni á vinnumarkaði. Það er mjög óljóst til framtíðar hvort einstaklingar sem tilheyra þessum hópi fari beint á örorkulífeyri eða hlutaörorkulífeyri og verður því að skýra það betur.

Samtökin fagna því að örorkuskírteini gildi fyrir þá sem falla undir örorkulífeyri og hlutaörorkulífeyrir.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að örorkulífeyrir hækki í samræmi við þróun verðlags og/eða kjara á almennum vinnumarkaði. Með vísan til þess sem að framan er rakið ítreka og áréttu Landsamtökin Þroskahjálpar eftirfarandi ályktun og kröfu sem landsþing samtakanna samþykkti í október sl.:

*Landsþing Landssamtakanna Þroskahjálpar krefst þess að örorkulífeyrir verði tafarlaust hækkaður þannig að hann verði jafnhár og lágmarkslaun.*

Landsamtökin Þroskahjálpar telja alls ekki ásættanlegt að hækkanir taki ekki gildi fyrr en 1. september 2025. Um er að ræða innan við 1% hækkun á lífeyri. Síðustu 10 árin hefur vísitala neysluverðs aldrei hækkað um minna en 1% á ársgrundvelli sem þýðir ef fram fer sem horfir að fyrir þá sem minnst fá nú og búa við sultarkjör dugar 4020 kr. hækkun á mánuði engan veginn og er langt frá því að vera í samræmi við þær verðlagshækkanir, sem augljóslega má víst telja að verði á næsta einu og hálfu ári.

Í þessu sambandi vilja samtökin ítreka og áréttu að fatlað fólk, sem háð er örorkulífeyri um alla framfærslu sína ævilangt, nýtur ekki samningsréttar varðandi kjör sín, eins og er á almennum vinnumarkaði og hefur því ekki neina möguleika til að bæta þau með þeim hætti, heldur er hvað það varðar algjörlega háð ríkisvaldinu, sem ákvarðar kjör þess einhliða. Það er

Því augljóst og mjög mikið réttlætismál að kjör fatlaðs fólks fylgi launaþróun í landinu til að koma í veg fyrir að fatlað fólk dragist enn meira aftur úr öðrum hópum í samfélaginu hvað varðar líf skjör og sé varið fyrir tilviljanakenndum ákvörðunum varðandi kjör sín og framfærslu og fái að njóta lágmarksöryggis hvað það varðar. Samtökin leggja því mikla áherslu á að í þau lög sem hér eru til umfjöllunar verði sett ákvæði sem tryggi það með mjög öruggum og afdráttarlausum hætti.

Tilgangur og meginmarkmið samnings SP um réttindi fatlaðs fólks er að tryggja fötluðu fólki raunhæf tækifæri til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, til jafns við aðra og án aðgreiningar. Í ljósi fullgildingar íslenska ríkisins á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks, landsáætlunar um innleiðingu samningsins og fyrirheita ríkisstjórnarinnar um lögfestingu hans er augljóst að fjölmörg ákvæði samningsins og þau réttindi fatlaðs fólks og skyldur ríkja sem þar eru áréttuð hafa mjög mikla þýðingu við þá endurskoðun örorkulífeyriskerfisins sem hér er til umfjöllunar. Í því sambandi er hér vísað sérstaklega til eftirfarandi greina en skýrt skal tekið fram að í nánast öllum greinum samningsins eru ákvæði sem hafa mikla þýðingu í þessu sambandi.

**4. gr.** samningsins hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**. Þar segir:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

*Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:*

*a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnáslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,*

*b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ... (Feitletr. Proskahj.)*

**5. gr.** samningsins hefur yfirskriftina **Jafnrétti og bann við mismunun** og hljóðar svo:

1. *Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.*
2. *Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.*
3. *Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.*
4. *Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.*

**19. gr. samningsins Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.**

*Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:*

*a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi,*

*b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu,*

*c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.*

**27. gr. samningsins hefur yfirskriftina Vinna og starf. Þar segir:**

*1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þau sem verða fötluð meðan þau gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. með lagasetningu, til þess meðal annars:*

*a) að leggja bann við mismunun á grundvelli fötlunar að því er varðar öll málefni sem tengjast atvinnu af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,*

*b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annars fólks, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, þar á meðal jafnra tækifæra og sama endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf, öryggis og hollustu á vinnustað, þar á meðal verndar gegn áreitni, og úrbóta vegna misréttis sem það telur sig hafa orðið fyrir,*

*c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við aðra,*

*d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa árangursríkan aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og símenntun,*

*e) að efla atvinnutækifæri og þróun starfsframa fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna, öðlast og halda starfi og snúa aftur á vinnumarkað,*

*f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa*

samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,

g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans,

h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með viðeigandi stefnu og ráðstöfunum sem geta falist í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,

i) að tryggja að fatlað fólk fái viðeigandi aðlögun á vinnustað,

j) að efla möguleika fatlaðs fólks til að afla sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,

k) að efla starfstengda og faglega endurhæfingu fatlaðs fólks, að það geti haldið störfum sínum og áætlanir um að það geti snúið aftur til starfa.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.

Við framfylgd ákvæða 27. gr. samningsins er bráðnauðsynlegt að hlutaðeigandi stjórnvöld taki mjög mikið mið af almennum athugasemdum nefndar samkvæmt samningnum varðandi ákvæði greinarinnar (General comment No. 8 (2022) on the right of persons with disabilities to work and employment). Almennu athugasemdirnar má nálgast á heimasíðu nefndarinnar á hlekk að neðan.

<https://www.ohchr.org/en/treaty-bodies/crpd>

29. gr. samningsins hefur yfirskriftina **Viðunandi líf skjör og félagsleg vernd** og er svohljóðandi:

1. **Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi líf skjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar á grundvelli fötlunar.**

2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar á grundvelli fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, þar á meðal ráðstafanir:

a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að hreinu vatni á við aðra og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, búnaði og annarri aðstoð á viðráðanlegu verði vegna þarfa sem tengjast fötlun,

b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, aðgang að áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,



*c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að standa straum af útgjöldum vegna fötlunar, þar á meðal útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, fjárhagslegrar aðstoðar og hvíldarumönnunar,*

*d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera, e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang á við aðra að eftirlaunum og eftirlaunakerfum. (Feitletr. og undirstr. Þroskahj.)*

Eins og fyrr sagði er tilgangur og meginmarkmið samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks að tryggja fötluðu fólki raunhæf tækifæri til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, til jafns við aðra og án aðgreiningar. Einstaklingar sem ekki eiga möguleika á að afla sér tekna á vinnumarkaði vegna fötlunar eða heilsubreysts standa sérstaklega höllum fæti hvað varðar kjör og framfærslu og tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Óþarft er að taka fram að þeir hafa ekki heldur þá möguleika sem almennt vinnuafl oft hefur til að bæta kjör sín til lengri eða skemmri tíma með því að skipta um starf eða fá betur launað starf á sama vinnustað eða með því að vinna yfirvinnu eða hlutastörf.

Augljóst er að full og virk þátttaka í samfélaginu án mismununar og aðgreiningar er undir því komin að fatlað fólk hafi ráð á að taka þátt í ýmsu tólmstunda- og félagsstarfi, menningarlífi og afþreyingu með sama hætti og ófatlað fólk. Ljóst er að slíkri samfélagslegri þátttöku og virkni fylgir óhjákvæmilega umtalsverður kostnaður og þá er vitað og viðurkennt að slík þátttaka er af ýmsum ástæðum mjög oft mun kostnaðarsamari fyrir fatlaðan einstakling en hún er fyrir ófatlað fólk. Til alls þessa þurfa stjórnvöld mjög að líta við setningu laga sem varða kjör og tækifæri fatlaðs fólks ef þau vilja í verki en ekki bara í orði standa við skuldbindingar sínar um að tryggja því eins og öðrum borgurum í landinu mannréttindi og tækifæri án mismununar og skapa hér samfélag án aðgreiningar. Til að svo geti orðið í íslensku samfélagi er bráðnauðsynlegt að bæta myndarlega lífskjör fatlaðs fólks í samræmi við almenn launakjör í þjóðfélaginu.

Í þessu sambandi má m.a. benda á könnun sem Varða — Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, framkvæmdi í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands og birt var í desember sl. (sjá hlekk að neðan) <https://www.obi.is/skyrslur-og-rannsoknir/stada-fatlads-folks-a-islandi-skyrsla-2023/>

Samtökin leggja mikla áherslu á að sérstaklega verði greint hvaða áhrif örorkulífeyrir hefur með tilliti til réttinda til fjárhagslegs stuðnings og/eða bóta sem fatlað fólk á í öðrum kerfum. Slíkur stuðningur og bætur getur skipt mjög miklu máli fyrir fjárhagslega afkomu þess. Í því sambandi má t.a.m. nefna almennar og sérstakar húsnæðisbætur, niðurgreiðslur á lyfjakostnaði, heilbrigðisþjónustu og sanngirnibætur. Samtökin leggja mikla áherslu á að slíkur stuðningur og bætur hafi ekki áhrif til lækkunar greiðslna úr örorkulífeyriskerfinu og að örorkulífeyrir skerði ekki rétt til slíks stuðnings eða bóta.

Mikilvægt er að þjónusta TR í gegnum þjónustugáttina verði **aðgengileg fyrir öll**. Í því sambandi þarf sérstaklega að taka fullt tillit til þess að stór hluti fatlaðs fólks hefur ekki rafræn skilríki og getur þar af leiðandi ekki nýtt sér sér stafræna þjónustu þar sem gerð er krafa um að fólk auðkenni sig með rafrænum skilríkjum. Samtökin telja mikilvægt að verði frumvarpið að lögum verði í því ákvæði um að löggin öll eða tiltekin ákvæði þeirra skuli tekin til

endurskoðunar innan tiltekins tíma m.t.t. þeirrar reynslu sem af þeim verður þá komin, í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Þá vilja samtökin koma á framfæri ábendingu um að þar sem um mjög miklar breytingar á örorkulífeyriskerfinu er að ræða, verði frumvarpið að lögum og í ljósi þess hversu veigamiklir hagsmunir margs fátæks og berskjaldaðs fólks eru í húfi að það kunni að vera skynsamlegt og ábyrgt að ný lög verði einungis látin ná til afmarkaðs hóps fólks sem samþykkir það, til reynslu í fyrirfram ákveðið tímabil.

Samtökin lýsa eindregnum áhuga og vilja til samráðs og samstarfs við ráðuneytið um þau mikilvægu mál sem hér eru til umsagnar og vísa í því sambandi til 3. mgr. 4. gr. samningsins sem hljóðar svo:

*Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.*

Samtökin óska eindregið eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum og sjónarmiðum sínum til þess sem um er fjallað í frumvarpinu og/eða ætti að mati samtakanna að fjalla um í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar  
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar  
Bryndís Matthíasdóttir, skrifstofustjóri hjá Þroskahjálp